

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

*Deiliskipulag Brattsholts í Sveitarfélaginu Árborg.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 23. mars 2006 tillögu að deiliskipulagi Brattsholts í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:2000 þann 18. janúar 2006 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 31. mars til og með 28. apríl 2006 með athugasemdafresti til og með 12. maí 2006.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillöguna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Selfossi, 2. júní 2006.*

**Bárður Guðmundsson,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. júní 2006